



Marel: Ársuppgjör birt 7. febrúar, afkomufundur 8. febrúar 2024

Marel hf. mun birta uppgjör fyrir fjórða ársfjórðung og árið 2023 eftir lokun markaða þann 7. febrúar 2024.

Afkomufundur með markaðsaðilum

Fimmtudaginn 8. febrúar 2024 kl 8:30 verður haldinn afkomufundur fyrir fjárfesta og markaðsaðila. Þar munu Árni Sigurðsson forstjóri og Stacey Katz fjármálastjóri kynna afkomu félagsins og helstu atriði úr rekstri á fjórða ársfjórðungi og árinu í heild sinni.

Afkomufundurinn verður haldinn í höfuðstöðvum félagsins í Austurhrauni 9, Gardabæ. Boðið verður upp á morgunverð frá kl. 8:00.

Fundinum verður einnig streymt beint á Zoom og upptaka af fundinum verður aðgengileg á marel.com/ir eftir fundinn. [Skráning fer fram hér.](#)

Fjárhagsdagatal

4F 2023 – 7. febrúar 2024

Aðalfundur – 20. mars 2024

1F 2024 – 29. apríl 2024

2F 2024 – 24. júlí 2024

3F 2024 – 30. október 2024

4F 2024 – 12. febrúar 2025

Fjárfestatengsl

Nánari upplýsingar veita fjárfestatengsl Marel í gegnum netfangið ir@marel.com og í síma 563 8001.

Um Marel

Marel (NASDAQ: MAREL; AEX: MAREL) er í fararbroddi á heimsvísu í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og þjónustu fyrir matvælavinnslu á kjúklingi, kjöti og fiski. Í gegnum árin, hefur Marel skref fyrir skref, útvíkkað starfsemi sína. Með kaupunum á Wenger 2022 myndast fjórða stoðin í viðskiptamódeli Marel með áherslu á lausnum fyrir matvælavinnslu fyrir gæludýr, plöntuprótein og fóður fyrir fiskeldi. Hjá félaginu starfa um 8.000 manns í yfir 30 löndum. Tekjur Marel námu um 1,7 milljarði evra árið 2022 en árlega fjárfestir Marel um 6% af tekjum í nýsköpun og vöruþróun sem styður við aukna hagkvæmni, öryggi og sjálfbærni í matvælavinnslu. Félagið hefur verið skráð í Kauphöll Íslands síðan 1992 og var lokið við tvihliða skráningu í Euronext Kauphöllina í Amsterdam árið 2019. Frekari upplýsingar má finna á marel.com/ir.

Fréttatilkynning
24 January 2024 16:10:00 GMT



Viðhengi

[Marel: Ársuppgjör birt 7. febrúar, afkomufundur 8. febrúar 2024](#)